

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 96/EES/18/02**

**nr. 5/96**  
**frá 29. febrúar 1996**

**um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)**  
**við EES-samninginn**

**SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/95 frá 19. maí 1995<sup>(1)</sup>.

Ályktun ráðsins 95/C 188/02 frá 29. júní 1995 um frekari þróun farsíma- og einkafjarskipta í Evrópusambandinu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:****1. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 26b (ályktun ráðsins 94/C 379/04) í XI. viðauka við samninginn:

„26c. **395 Y 0722(02):** Ályktun ráðsins 95/C 188/02 frá 29. júní 1995 um frekari þróun farsíma- og einkafjarskipta í Evrópusambandinu (Stjttíð. EB nr. C 188, 22. 7. 1995, bls. 3).“.

**2. gr.**

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 95/C 188/02 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. mars 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 29. febrúar 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Formaður

*P. Benavides*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 273, 16. 11. 1995, bls. 47 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 43, 16. 11. 1995, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 188, 22. 7. 1995, bls. 3.